

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	20.02.2018
Málalykill	100
Mál nr.	1802285

Til Bæjarstjórans í Garðabæ.
Í febrúar 2018

Það er ekki með neinni ánægju sem ég rita þetta bréf, hef hugsað lengi um efnið, en sýnist nú að ég komist ekki hjá því að láta heyra frá mér.

Þegar við fengum að vita að það ætti að endurbyggja Móaflötina sáum við fram á að allt mundi nú lagast og verða mikið betra. Ónýtir gangstéttir endur gerðar. Þar mundi hægt að ganga án þess að eiga á hættu að detta um einhverja sprunguna, en þær voru orðnar allmargar.

Mig minnir að verklok væru ákveðin í október.. Allt sumarið færi þá í þetta rask, en hvað sættir maður sig ekki við þegar séð er fram á miklar enurbætur, nýtt malbik á götuna og hraðhindranir fjarlægðar í stað þrenginga.

Verkið mun hafa hafist á tilsettum tíma og fram eftir sumri höfðum við óhindrað aðgengi að okkar húsi. Þegar kom að því að grafa fyrir lögnum fyrir framan hjá okkur var vonast til að þetta tæki nú ekki langan tíma. Mikla leit þurfti að gera að vatnsinntaki til okkar. Það fannst að lokum og virtis liggja undir miðu húsinu og tekið inn við suðurvegg bílskúrsins.

Ekki var fallist á að leggja nýja vatnslögn á sama stað og hitaveitulögnin er, það er á lóðamörkum, heldur var ákveðið að taka upp hellur í bílastæðinu og meðfram bílskúrnum, fjarlægja snjóbræðsluna og grafa vatnslögnina þar niðu á löglegt dýpi.

Til að auðvelda verkið keypti ég ný snjóbræðslurör, en það virðist ekki hafa hjálpað. Nú virkar snjóbræðslan alls ekki neitt.

Niðurstöðurnar frá okkar bæjardyrn séð eru:

1. Við vorum lokuð inni í um 3 mánuði, sem hefði ekki þurft að vera nema ef til vill tvær vikur ef rétt hefði verið staðið að verki..